

Heimilisofbeldi

„ ... löggan kemur alltaf of seint / ef hún kemur yfirhöfuð.“


Tracy Chapman

Málefni	Jafnrétti kynjanna, friður og ofbeldi, heilbrigði
Þyngdarstig	Stig 3
Hópstærð	6–30
Tími	120 mínútur
Yfirlit	Í þessu verkefni er fjallað um heimilisofbeldi sem eitt algengasta og leyndasta form ofbeldis.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til verndar gegn ofbeldi, misþyrmingum og vanvirðandi meðferð. • Rétturinn til jöfnuðar og að vera ekki mismunað. • Rétturinn til jafnrar lagaverndar (eða til sanngjarnrar málsmeðferðar fyrir dómi).
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að efla vitund um heimilisofbeldi og vitneskju um brot á mannréttindum kvenna. • Að efla hæfni til að ræða og kanna vandlega brot á mannréttindum. • Að efla samhug og kjark til að taka afstöðu gegn heimilisofbeldi.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Stór pappírblöð eða tafla og pennar eða merkipennar fyrir hópinn. • Veldu einn eða fleiri „vitnisburði um glæpi“ sem hér fara á eftir eða skrifaðu þinn eigin. Ljósritaðu nógu mörg eintök til að eitt verði á mann. • Eintök af „leiðbeiningum um hópumræður“ (eitt á hvern vinnuhóp).
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Safnaðu upplýsingum um miðstöðvar og samtök sem styðja þolendur heimilisofbeldis og athugaðu hver eru helstu vandamálin í þínu bæjarfélagi eða landshluta. • Ígrundaðu vel þau mál sem á að taka fyrir og hafðu í huga persónulega reynslu þátttakendanna.


Leiðbeiningar

1. Undirbúðu hópinn fyrir verkefnið með því að setja í gang hugflæði um „algengustu form ofbeldis í nágrenni okkar“. Skrifaðu hjá þér allt sem þátttakendur segja en þú skalt ekki ræða neitt á þessu stigi. Hafðu flettistöfluna eða töfluna þar sem allir sjá hana. (10 mínútur.)
2. Láttu þátttakendur skipta sér í hópa, tvo til sex í hverjum. Hóparnir þurfa að vera að minnsta kosti þrír.
3. Dreifðu spjöldunum með „vitnisburðunum um glæpi“. Spjöldin/málin eru þrens konar en það er í lagi að fleiri en einn hópur fái sama mál. Dreifðu líka eintökum af „leiðbeiningum um hópumræður“.


MÁLEFNI



JAFNRÉTTI KYNJANNA



FRIÐUR OG OFBELDI



HEILBRIGÐI

ÞYNGDARSTIG

STIG 4


STIG 3

STIG 2

STIG 1


STIG 3

HÓPSTÆRÐ



6–30

TÍMI



120 MÍNÚTUR

4. Gefðu þátttakendum fimm mínútur til að lesa vitnisburðina. Leggðu áherslu á að umræðurnar eigi að beinast að þessum tilteknu málum. Þátttakendur verða að vita að umræður um þessi mál geta orðið mjög persónulegar og að enginn á að finna sig knúinn til að segja meira en hann vill.
5. Gefðu þátttakendum eina klukkustund í hópinnuna.
6. Kallaðu loks alla saman í samantekt og mat.

Samantekt og mat

Byrjaðu á stuttri könnun á því hvernig hópinn gekk. Hversu sennilegir voru vitnisburðirnir og hversu vel hæfðu spurningarnar efninu? Ef hóparnir voru hver með sinn vitnisburð ætti að biðja þá að greina frá athugun sinni á þeim. Haldið síðan áfram og ræðið um hvernig málið blasir við í nánasta umhverfi þátttakenda:

- Hversu algengt er heimilisofbeldi hér og í landinu öllu?
- Hvaða mannréttindi er um að tefla?
- Hverjar eru orsakir heimilisofbeldis?
- Hvers vegna eru fleiri tilfelli þar sem karlar beita konur ofbeldi en konur karla?
- Hvernig er hægt að stöðva heimilisofbeldi? Hvað þurfa eftirtaldir aðilar að gera:
 - stjórnvöld?
 - sveitarfélagið?
 - fólkið sem á hlut að máli?
 - vinir og nágrannar?
- Berið niðurstöður hópanna og umræðnanna saman við listann úr hugflæðinu sem byrjað var á. Var heimilisofbeldi á listanum? Ef ekki, af hverju?
- Hvaða aðrar myndir ofbeldis gagnvart konum hefur borið á góma í umræðunum? Bættu þeim á listann.

Spyrja má hvort einhver hafi áhuga á að vinna áfram að einhverjum þeirra málefna sem rætt hefur verið um og hvernig staðið skuli að því.

Ábendingar til leiðbeinanda

Hafa verður í huga hve viðkvæm þessi mál eru og að gæta verður fyllsta trúnaðar og nafnleyndar (sumir þátttakendur kunna að hafa persónulega reynslu af heimilisofbeldi eða vita af því í fjölskyldu sinni). Öllum verður að vera ljóst að enginn þarf að finna sig knúinn til að segja meira en hann vill. Frjálst er að laga verkefnið að aðstæðum þátttakenda.

Verkefnið er kallað „Heimilisofbeldi“ vegna þess að flest ofbeldisverk gagnvart konum eiga sér stað á heimilinu eða meðal fólks í samböndum. Eitt algengasta form heimilisofbeldis er líkamlegt ofbeldi, og það er þess vegna sem þessir tilteknu „vitnisburðir um glæpi“ voru valdir. Sögurnar eru allar byggðar á raunverulegum málum sem snerust um raunveruleg fórnarlömb og glæpi. Ef til vill þarf að breyta einhverjum upplýsingum eða nota önnur mál svo að verkefnið samræmist betur aðstæðum og veruleika þátttakenda.

Misjafnt er hvað fólk telur vera ofbeldisverk. Í yfirlýsingunni um afnám ofbeldis gagnvart konum, sem samþykkt var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1993, er ofbeldi gagnvart konum skilgreint sem „ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjóninga kvenna, einnig hótun um slíkt, þvingun

eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi. Ofbeldi gagnvart konum felur í sér, en er þó ekki takmarkað við, eftirfarandi: a) líkamlegt, kynferðislegt og sálrænt ofbeldi innan fjölskyldunnar, meðal annars barsmiðar, kynferðislegt ofbeldi gagnvart stúlkum á heimili, ofbeldi tengt heimanmundi, nauðgun í hjónabandi, skaði á kynfærum stúlkna og aðrar hefðir sem eru skadlegar konum, ofbeldi annars en maka og misnotkun í gróðaskyni; b) líkamlegt, kynferðislegt og sálrænt ofbeldi í þjóðfélaginu almennt, meðal annars nauðganir, kynferðislegt ofbeldi, kynferðisleg áreitni og hótanir á vinnustað, í menntastofnunum og annars staðar, þrælasala kvenna og þvingun til vændis; c) líkamlegt, kynferðislegt og sálrænt ofbeldi stjórnvalda eða framið með samþykki stjórnvalda, hvar sem slíkt á sér stað.“

Ef erfitt er að komast að því hvar staðbundnar hjálparmiðstöðvar er að finna skal bent á gagnagrunn yfir slíkar miðstöðvar á vefsvæði Evrópsku upplýsingamiðstöðvarinnar gegn ofbeldi (European Information Centre Against Violence): www.wave-network.org.

Karlkyns þátttakendur gætu hugsanlega brugðist illa við verkefninu eða einhverju í umræðunum. Mikilvægt er að hafa í huga að tilgangurinn er ekki sá að karlmenn eða drengir finni til sektar yfir því sem aðrir karlmenn gera; samt er mikilvægt að viðurkenna, eða ræða, þá hugmynd að karlmenn tilheyri hinu gamla feðraveldi og gegni þar hlutverki. Í þessu sambandi gæti líka verið áhugavert að kanna afleiðingar ofbeldis gagnvart konum fyrir karlmenn, beint og óbeint.

Hafa mætti einnar mínútu þögn í lokin til að minnast fórnarlamba heimilisofbeldis. Það er áhrifamikil leið til að loka verkefninu og skapa samkennd og samstöðu.

Tilbrigði

Ofbeldi gagnvart konum tekur á sig margar myndir (sjá hér á eftir undir „nánari upplýsingar“). Finna má önnur raunhæf dæmi til að kanna vandann frá ýmsum hliðum.

Tillögur um framhald

Hópurinn gæti haft samband við lögregluna á svæðinu til að komast að því hvað hún gerir þegar hringt er og beðið um hjálp vegna heimilisofbeldis. Annar möguleiki er að hafa samband við Stígámót eða Kvennaathvarfið og biðja fyrirlesara á þeirra vegum að lýsa ástandi mála.

Annað efni sem er mikið feimnismál í mörgum löndum er kynhneigð – og þá sérstaklega samkynhneigð. Ef hópurinn vildi rannsaka þau mál er bent á verkefnið „Hvað með kynlífið!“ á bls. 128.

Nánari upplýsingar

Mikilvægt verkefni í mannréttindamálum

Réttindi kvenna og stúlkna eru óafsalanleg og ódeilanleg og verða ekki skilin frá öðrum mannréttindum. Þetta merkir samt ekki að þau séu á nokkurn hátt heilög eða örugg. Þvert á móti er ofbeldi gagnvart konum geigvænlegt vandamál. Sérstaklega eiga ungar konur miklu frekar á hættu að grundvallarréttindi þeirra séu brotin en karlmenn.

Ofbeldi gagnvart konum og stúlkum er alvarlegt heilbrigðis- og mannréttindamál. Að minnsta kosti ein af hverjum fimm konum í heiminum öllum hefur sætt líkamlegu eða kyn-

Aðgerðir

Hægt er að hafa samband við Kvennaathvarfið eða samtök sem vinna að réttindum kvenna og spyrja hvort þau þurfi á aðstoð að halda og hvernig þátttakendur geti komið að liði.

Lykildagsetning**25. nóvember**

Alþjóðadagur gegn ofbeldi á konum

ferðislegu ofbeldi af hálfu karlmanna (eða karlmanna) einhvern tíma á ævi sinni. Margar, þar á meðal barnshafandi konur og ungar stúlkur, sæta harkalegum, stöðugum eða endurteknum árásum.

Reiknað hefur verið út að á heimsvísu sé ofbeldi gagnvart konum algengari orsök dauða og örorku kvenna á barneignaraldri en krabbamein og valdi meira heilsutjóni en umferðarslys og malaría til samans. Ofbeldi gagnvart konum er alþjóðlegt vandamál án landamæra; nefna má mansal sem augljóst dæmi um þetta. „Hvergi í heiminum eru konur lausar undan ofbeldi. Þeim er ógnað og þær geta orðið fyrir ofbeldi hvenær sem er á ævinni og hvar sem þær eru staddar. Ofbeldi gagnvart konum virðir engin landamæri, engin aldursmörk, engan stéttamun, engan kynþáttamun og engan menningarmun og það sýnir sig með ýmsum hætti.“¹

„Ofbeldi gagnvart konum er greinilega pólitískt því að það elur á misrétti og kemur í veg fyrir að jafnrétti kynjanna verði að veruleika.“² Það er líka greinilega pólitískt í þeim skilningi að það ógnar lýðræðinu, því að, eins og segir í samþykkt Evrópuráðsins, „mismunun og misskipting milli kvenna og karla á sviði mannréttinda stangast á við grundvallarreglur lýðræðisins“.³

Ofbeldi ævina á enda**Ofbeldi gagnvart konum á öllum æviskeiðum**

Tími	Tegund ofbeldis
Fyrir fæðingu	Fóstureyðing eftir kyni; áhrif misþyrminga á meðgöngutíma á ástand móður og barns
Frumbernska	Morð á stúlkubörnum; líkamlegt, kynferðislegt og andlegt ofbeldi
Bernska	Barnahjónabönd; sköddun kvenkynfæra; líkamlegt, kynferðislegt og andlegt ofbeldi; sifjaspell; barnavændi og barnaklám
Unglingsár og fullorðinsár	Ofbeldi tengt stefnumótum og tilhugálfi (t.d. sýruhellingar og stefnumótanaudganir); nauðungarkynmök af efnahagsástæðum (t.d. skólastúlkur sem eiga kynmök við „góða kalla“ gegn greiðslu skólagjalda); sifjaspell; kynferðislegt ofbeldi á vinnustöðum; nauðgun; kynferðisleg áreitni; nauðungarvændi og -klám; mansal kvenna; ofbeldi af völdum sambýlismanna; andlegt ofbeldi; ofbeldi gagnvart fötluðum konum; meðganga gegn eigin vilja
Elliár	Þvingun til „sjálfsmorðs“ eða morð á ekkjum af efnahagslegum ástæðum; kynferðislegt, líkamlegt og andlegt ofbeldi

Heimild: Violence Against Women Information Pack - Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 1997

Nokkrar tölur sem sýna stærð vandans

Tölulegar upplýsingar um ofbeldi gagnvart konum, og sérstaklega heimilisofbeldi, geta valdið furðu og sýna hversu víðtækur og útbreiddur vandinn er og um leið falinn. Á hverjum degi er ein kona af hverjum fimm í Evrópu fórnarlamb ofbeldis. Fleiri konur í Evrópu deyja eða slasast alvarlega á hverju ári af völdum heimilisofbeldis en krabbameins eða bílslysa.⁴ Árlega láta 14.500 rússneskar konur lífið vegna afleiðinga heimilisofbeldis.⁵

Rannsókn sem fór fram á vegum European Women's Lobby árið 1999 á heimilisofbeldi í Evrópusambandinu sýndi að ein af hverjum fjórum konum þar verða fyrir einhvers konar ofbeldi af völdum maka. 95% alls ofbeldis fara fram innan veggja heimilisins. Finnisk rannsókn (1998) sýndi að 52% fullorðinna kvenna höfðu verið þolendur líkamlegra eða kynferðislegra ógnana frá 15 ára aldri, og 20% höfðu orðið fyrir slíku árið á undan. Portúgölsk rannsókn (1997) sýndi að 53,3% kvenna í úthverfum stórborga, 55,4% kvenna í þéttbýli og 37,9%

kvenna í dreifbýli höfðu sætt ofbeldi; 43% ofbeldisverka voru framin innan fjölskyldunnar. Belgísk rannsókn (1998) sýndi að 68% kvenna höfðu verið þolendur líkamlegs og/eða kynferðislegs ofbeldis.⁶

Heimilisofbeldi

Brot á mannréttindum kvenna eiga sér ekki einungs stað á stríðstímum. Slík brot eru fyrst og fremst framin inni á heimilunum. „Þar sem þetta ofbeldi er svo mikið „einkamál“ hefur alltaf verið erfitt um vik, og er enn, að hafa af því afskipti.“⁷

Rannsóknir sýna stöðugt að líklegra er að konu verði misþyrmt, henni nauðgað eða hún drepin af fyrrverandi eða núverandi maka en nokkrum öðrum einstaklingi.⁸ Heimilisofbeldi hefur ekki aðeins áhrif á konuna heldur líka börnin, og þá sérstaklega stúlkur og ungar konur.

Sýningin „Þögl vitni“

Þetta verkefni er innblásið af sýningunni um heimilisofbeldi og morð á konum sem NANE-kvenréttindasamtökin (Búdapest, Ungverjalandi) komu með í Æskulýðsmiðstöð Evrópu í Búdapest. Þar voru meðal annars sögurnar um Eszter og Kati. Tilgangur sýningarinnar var að vekja almenning til vitundar um umfang og grimmd heimilisofbeldis með því að segja sögu kvenna sem höfðu látið lífið af völdum þess, „sögu þöggu vitnanna“.

Sýningin „Þögl vitni“, sem varð til í Minnesota hefur nú farið um öll Bandaríkin, og er einn liðurinn í hreyfingu sem stefnir að því að heimilismorð verði úr sögunni árið 2010. Uppsetning sýningar eins og „Þögl vitni“ getur verið mjög árangursrík aðferð til að ráðast gegn heimilisofbeldi innan tiltekins hverfis, bæjarfélags eða landshluta. Til eru bækur um það hvernig vitnin eru búin til og hvernig á að skipuleggja sýninguna, þar á meðal bók sem heitir „Results“ (Árangur). Þar segir frá fyrstu árum herferðarinnar í Bandaríkjunum og þar eru margar sögur sem hægt er að nota sem dæmi. Slóð vefsvæðisins er www.silentwitness.net. Þar er líka langur listi yfir slíkar sýningar víða um lönd.

Athugið: Sagt er frá Kati og Eszter í bók Morvai Krisztina, Terror a családban - A feleségbántalmazás és a jog (Ógn í fjölskyldunni - Misþyrmingar á eiginkonum og lögin), Kossuth Kiadó, Búdapest 1998.

¹European Women's Lobby (www.womenlobby.org)

²Violence Against Women Information Pack - Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 1997 (www.who.int)

³Fact Sheet. „Violence against women. Action undertaken by the Council of Europe“. Division Equality between Women and Men, DG II, Evrópuráðið, 2001.

⁴Ályktun 1216 (2000) Framhaldsaðgerð fjórðu alþjóðlegu ráðstefnunnar um málefni kvenna (Beijing 1995) Þing Evrópuráðsins.

⁵Tilmæli 1450 (2000) Ofbeldi gegn konum í Evrópu. Þing Evrópuráðsins.

⁶The Unicef Report on Women in Countries in Transition, september 1999.

⁷European Women's Lobby.

⁸Ending domestic violence; actions and measures. Proceedings of the Forum Bucharest (Romania), 26–28 November 1998. Steering Committee for equality between women and men. (EG/BUC (99) 1) Evrópuráðið 2000, bls. 13.

Viðbótarheimildir á

Netinu:

Vefsvæði kvenna gegn ofbeldi í Evrópu (Women Against Violence in Europe Network): www.wave-network.org.

European Women's Lobby: www.womenlobby.org þar sem einnig er hægt að panta skýrsluna „Unveiling the hidden data on domestic violence in the European Union“.

Hvítflibbaherferðin er „stærsta átak karla til að binda enda á ofbeldi karla gagnvart konum“. www.whiteribbon.ca.

EuroPRO-Fem, karlasamtök feminista, eru samtök félaga og hópa karla sem vinna gegn yfirráðum karla, ofbeldi og kúgun kvenna www.europrofem.org.

Margar þessara talna hafa verið teknar úr skýrslunni „Violence against young women in Europe“ eftir Ingrid Ramberg, Evrópuráðið, 2001 – fánleg á www.coe.int/hre.

EFNI TIL DREIFINGAR

1. vitnisburður um glæp

Eszter

Í nóvember 1995 kom eiginmaður Eszterar heim dálítið drukinn. Hann komst að því að hún og dóttir hennar voru í heimsókn hjá nágrannakonunni. Hann skipaði þeim að koma strax heim.

Þegar þær komu inn læsti hann dyrunum og sagði við dóttur þeirra: „Nú ætla ég að tala aðeins við hana mömmu þína.“ Hann náði í öxi, kúst og hníf, fór að rifast við konu sína og sakaði hana um að hafa ekki þvegið, eldað eða unnið önnur heimilisstörf. Um leið barði hann hana stöðugt og sló hana í höfuðið og andlitið með berum höndum. Hann hárrytti hana og sparkaði í hana. Síðan afklæddi hann hana að ofan og henti henni á rúmið til að berja hana enn meira.

Allt þetta gerðist að átta ára dóttur þeirra ásjáandi og hún sárþændi hann að hætta. Loks hætti hann. Hann henti Eszter út úr rúminu og lagðist til svefns.

Eszter dó um nóttina.

2. vitnisburður um glæp

Kati

Kati reyndi að flýja frá unnusta sínum sem varð sífellt hrottafengnari. Hún leigði sér íbúð í annarri borg en hann hélt áfram að hringja í hana og áreita hana. Andlegri heilsu Kati hrakaði.

Dag nokkurn elti unnustinn hana uppi eftir vinnu til að fá hana til baka. Hann fór með hana út í nærliggjandi skóg þar sem hann reyndi að kyrkja hana með peysunni hennar. Daginn eftir sagði Kati vinnufélögum sínum að hún óttaðist að hann ætti eftir að ganga af sér dauðri.

Fjórum dögum síðar fékk unnustinn sér í glas. Aftur beið hann hennar eftir vinnu og þegar hún kom út réðst hann á hana með barsmiðum. Um kvöldið ákvað hann að þau skyldu fara í heimsókn til ættingja. Á leiðinni þangað stöðvaðu hann bílinn margsinnis. Kati sá í hvernig ástandi hann var og samþykkti að hafa kynmök við hann en hann var drukinn.

Kati sagði honum að hún vildi slíta sambandinu. Þá varð hann æfur. Hann tók leðurbelti og kyrkti hana.

Síðan dró hann líkið niður í skurð og þakti það með trjágreinum.

3. vitnisburður um glæp

Z

Z er kona sem á heima í nágrenni við þig; hún er gift og á tvö lítil börn.

Stundum verður maðurinn hennar reiður og lemur hana með berum höndum, gjarnan með krepptum hnefum. Upp á síðkastið hefur hann þó einnig farið að nota belt og kústskaft. Fyrir tveimur mánuðum braut hann flösku á höfðinu á henni. Z vill komast burt en maðurinn hennar hótar að drepa hana ef hún „svo mikið sem hugsar um það“. Hún á tvo unga syni sem hún þarf að hugsa um og henni finnst það hræðileg tilhugsun að þurfa að fara frá þeim.

Í gær kom hún á sjúkrahúsið með brotið nef og áverka sem hún sagði að hún hefði fengið við að detta niður stiga.

Leiðbeiningar um hópumræðurnar

I – Athugun á glæpnum (20 mínútur)

1. Hvað finnst þér um glæpinn eins og honum er lýst?
2. Hvar væri hægt að fremja slíkan glæp? Gæti það verið í hverfinu þínu?
3. Hvers vegna var glæpurinn framinn?
4. Er eitthvað sem réttlætir slíkan glæp?
5. Hvernig hefði fórnarlambið getað varið sig?

II – Tenging við raunveruleikann (40 mínútur)

1. Þekkir þú eða hefur þú heyrt um einhver nýleg dæmi um heimilisofbeldi?
2. Hvernig lýsir heimilisofbeldi sér í samfélagi okkar?
3. Hvað geta fórnarlömbin gert ef þau þurfa hjálp?
4. Ætti lögreglan að skerast í leikinn ef hún heyrir um ofbeldi eða á slíkt að teljast vera afskipti af einkalífi, og á hún að „sjá til hvort þetta jafnar sig“?
5. Hvaða vald hefur konan í aðstæðum sem þessum? Hvaða vald hefur karlinn?
6. Veistu um dæmi um heimilisofbeldi þar sem karlinn er fórnarlambið?
7. Hvernig er hægt að koma í veg fyrir heimilisofbeldi? Hvað þurfa eftirtaldir aðilar að gera:
 - a. stjórnvöld?
 - b. sveitarfélagið?
 - c. fólkið sem á hlut að máli?
 - d. vinir og nágrennar?